

Fimmtudaginn 9. mars 1995.

Nr. 307/1993.

Jónas Skaftason

gegn

Þrotabúi Þóru Óskarsdóttur

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

Víxilmál. Refsimálskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júlí 1993. Hann krefst sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar.

Fyrir Hæstarétti hefur komið fram, að bú Þóru Óskarsdóttur hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta 14. október 1993 og skiptum ekki lokið. Hefur þrotabúið því tekið við aðild málsins. Það krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda með álagi samkvæmt 2. mgr. 131. gr., sbr. b- og c-lið 1. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Þóra Óskarsdóttir höfðaði mál þetta á hendur áfrýjanda með birtingu héraðsdómsstefnu 19. október 1991 til greiðslu skuldar samkvæmt víxli, að fjárhæð 392.000 krónur, út gefnum af Þóru og samþykktum af áfrýjanda, til greiðslu 2. febrúar 1991. Áfrýjandi krafðist sýknu af þessari kröfu í greinargerð, sem hann lagði fram í héraði 19. nóvember 1991. Var sýknukrafan eingöngu studd við þá málsástæðu, að víxillinn, sem stefnukröfur voru reistar á, væri falsaður. Í kjölfarið bar áfrýjandi fram við lögreglu kæru vegna fölsunar á víxlinum og gaf skýrslu fyrir lögreglu af því tilefni 7. apríl 1992. Frekari rannsókn lögreglunnar virðist hafa legið niðri þar til í janúar 1993, en 17. febrúar það ár kom áfrýjandi að nýju fyrir lögreglu til skýrslugjafar og gekkst þá við því að hafa lagt fram ranga kæru svo og að hafa falsað skjal til stuðnings henni. Meðan á þessu stóð, var máli þessu frestað fyrir héraðsdómi, þar til það var tekið til aðalmeðferðar 10. maí 1993.

Áfrýjandi, sem flutti málið sjálfur í héraði og fyrir Hæstarétti, hefur fallið frá fyrrgreindri málsvörn sinni á grundvelli fölsunar.

Hann hefur hvorki í héraði né fyrir Hæstarétti haft uppi aðrar málsástæður, sem gætu leitt til þess, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda. Ber því að öllu þessu virtu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans.

Með því að halda fram þeirri málsástæðu fyrir héraðsdómi, að umræddur víxill væri falsaður, hafði áfrýjandi uppi vísvitandi rangar staðhæfingar fyrir dómi. Fram er komið, að opinbert mál var höfðað á hendur honum með ákæru 7. apríl 1993 fyrir að hafa framvísað með fyrrnefndri kæru sinni til lögreglu skjali, sem hann falsaði í tengslum við hana. Gekkst hann við sakargiftum, og var honum gert að sæta fangelsi í tvo mánuði skilorðsbundið með dómi Héraðsdóms Norðurlands vestra, upp kveðnum 15. júní 1993. Í ljósi þess verður áfrýjanda eftir atvikum ekki nú gerð sekt samkvæmt 135. gr. laga nr. 91/1991 vegna þessa framferðis síns fyrir dómi.

Þegar litið er til þeirrar háttsemi áfrýjanda, sem hér um ræðir, svo og þess verulega dráttar, sem hann hefur valdið á málinu með henni og algerlega tilefnislausri áfrýjun sinni, verður stefnda ákveðinn málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi hans með tilliti til 2. mgr. 131. gr. laga nr. 91/1991. Þykir málskostnaður hæfilega ákveðinn eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Jónas Skaftason, greiði stefnda, þrotabúi Þóru Óskarsdóttur, 392.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 2. febrúar 1991 til greiðsludags svo og 125.000 krónur í málskostnað í héraði.

Áfrýjandi greiði stefnda 175.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 14. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. maí 1993, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með áskorunarstefnu, birtri 19. október 1991, af Þóru Óskarsdóttur, kt. 150344-3619, Bleikargróf 15, Reykjavík, á hendur Jónasi Skaftasyni, kt. 260241-7969, Blöndubýggð 10, Blönduósi, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 392.000 kr., með vöxtum og vaxtavöxtum skv. 10. og 12. gr. laga nr. 25/1987 frá 2. febrúar 1991 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt málskostnaðarreikningi.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins.

Málinu var vikið til almennrar meðferðar 10. desember 1991.

Stefnandi kveður mál þetta vera samkvæmt víxli, að fjárhæð 392.000 kr., út gefnum í Reykjavík 12. desember 1990 af stefnanda og samþykktum af stefnda, til greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, 2. febrúar 1991.

Stefnandi kveður skuld þessa ekki hafa fengist greidda þrátt fyrir greiðslutilmæli, og sé málsókn því nauðsynleg. Kveður hún kröfuna byggða á víxillögum nr. 93/1993 og málið rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 91/1991.

Stefndi kveður mál þetta til komið vegna kaupa sinna á vörubifreið 12. desember 1990 af Péttri Hraunfjörð, Bleikargróf 15, Reykjavík, en komið hafi í ljós, að Þóra Óskarsdóttir var skráð fyrir bifreiðinni og sem seljandi hennar. Kveðst hann hafa greitt bifreiðina við afhendingu með peningum og skuldabréfi, en víxill hafi verið útfylltur til tryggingar greiðslu á virðisaukaskatti.

Stefndi hélt uppi þeim vörnum gagnvart víxilkröfu stefnanda, að víxillinn væri falsaður. Var málinu frestað vegna kæru hans til Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem síðar var dregin til baka.

Stefndi kveðst hafa gripið til þess að segja víxillinn falsaðan, þar sem sér hafi ekki verið önnur leið fær til að upplýsa svik, sem hann telur sig hafa orðið fyrir við viðskipti þessi af hálfu seljanda. Kveður hann víxillinn aldrei hafa verið til innheimtu í Landsbanka Íslands og að sér hafi ekki verið gefinn kostur á að greiða hann á gjalddaga, þrátt fyrir það að hann hafi leitað eftir því.

Í víxilmáli, sem rekið er samkvæmt XVII. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. áður lög nr. 85/1936, verður ekki komið að vörnum, sem varða viðskipti þau, sem víxilkrafan er risin af. Sú varnarástæða stefnda, að víxillinn sé falsaður, hefur verið dregin til baka. Engar aðrar varnir hafa komið fram, sem haldið verður uppi gegn kröfu um greiðslu á víxli í víxilmáli.

Stefnandi hefur lögformlega heimild til víxilsins, og er lýsing hennar í mállsskjölum í samræmi við víxil þann, sem lagður hefur verið fram, að öðru leyti en því, að ekki er lýst framsali útgefanda.

Það athugast, að ekki verður séð af gögnum málsins, að innheimta víxilsins hafi verið reynd fyrr en með innheimtubréfi lögmanns 13. ágúst 1991. Sú fullyrðing stefnda, að honum hafi verið meinað að greiða kröfuna fyrr, er hins vegar ekki sönnuð fyrir dómnum, enda hefði hann átt þess kost að „deponera“ greiðslu.

Með framangreindum athugasemdum eru dómkröfur stefnanda teknar til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 125.000 kr.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Jónas Skaftason, greiði stefnanda, Þóru Óskarsdóttur, 392.000 kr. auk dráttarvaxta frá 2. febrúar 1991 til greiðsludags samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og 125.000 kr. í málskostnað, sem ber dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.
